

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

06 399

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Útlendingastofnunar

kt. 670269-6399

Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umsækjendur um alþjóðlega vernd er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um útlendinga. Um er að ræða sjálfstæðan fjárlagalið útgjalda vegna umsókna um alþjóðlega vernd. Fjárlagaliður 06-399, Umsækjendur um alþjóðlega vernd er í umsjón Útlendingastofnunar.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 2.085,6 milljónir og afkoma kr. -359,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -433,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 22,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umsækjendur um alþjóðlega vernd fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Kristín Völundardóttir
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.076.500.000	1.254.600.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	2.839.819	1.902.907.024
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>6.222.240</u>	<u>5.305.779</u>
Tekjur samtals		2.085.562.059	3.162.812.803
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	520.664.085	448.914.842
Annar rekstrarkostnaður	5	1.918.097.992	2.782.830.363
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		15.245	31.040
Afskriftir og niðurfærslur	6	<u>6.222.240</u>	<u>5.305.779</u>
Gjöld samtals		2.444.999.562	3.237.082.024
Afkoma ársins		<u>(359.437.503)</u>	<u>(74.269.221)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé		207.025	75.865
Tengdir aðilar	7	0	726.273.000
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	8	771.541	6.294.434
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	21.408.022	15.147.509
Óefnislegar eignir		9.564	16.734
Eignir samtals		<u>22.396.152</u>	<u>747.807.542</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	256.298.528	763.776.154
Viðskiptaskuldir		67.710.696	27.225.730
Ýmsar skammtímaskuldir	10	152.811.602	45.570.589
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	(20.717.950)	(14.495.710)
Skuldir samtals		<u>456.102.876</u>	<u>822.076.763</u>
Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals		(433.706.724)	(74.269.221)
Eigið fé			
Hrein eign	12	(433.706.724)	(74.269.221)
Eigið fé samtals		<u>(433.706.724)</u>	<u>(74.269.221)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>22.396.152</u>	<u>747.807.542</u>
Aðrar upplýsingar			
	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(359.437.503)	(74.269.221)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	6.222.240	5.305.779
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.222.240)	(5.305.779)
		<u>(359.437.503)</u>	<u>(74.269.221)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		5.522.893	(1.856.252)
Tengdir aðilar		206.319.791	276.066.800
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>147.725.979</u>	<u>(211.858.396)</u>
		359.568.663	62.352.152
		<u>131.160</u>	<u>(11.917.069)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(21.514)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	<u>(12.475.583)</u>	<u>(9.302.701)</u>
		(12.475.583)	(9.324.215)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		<u>12.475.583</u>	<u>9.324.215</u>
		12.475.583	9.324.215
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		131.160	(11.917.069)
		<u>75.865</u>	<u>11.992.934</u>
		<u>207.025</u>	<u>75.865</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	1.302.400.000	0	1.302.400.000
Fjáraukalög	450.000.000	0	450.000.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	1.752.400.000	0	1.752.400.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	24.100.000		24.100.000
Millifærslur frá varasjóði	300.000.000		300.000.000
Fjárveiting ársins	2.076.500.000	0	2.076.500.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	(74.269.221)	(29.659.953)	(103.929.174)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	2.002.230.779	(29.659.953)	1.972.570.826
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(2.435.937.503)	(12.475.583)	(2.448.413.086)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	(433.706.724)	(42.135.536)	(475.842.260)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætlunum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2023 2022

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	2.076.500.000	1.254.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.222.240	5.305.779
	<u>2.082.722.240</u>	<u>1.259.905.779</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.302.400.000	0	0	1.302.400.000
Fjáraukalög	450.000.000	0	0	450.000.000
Launabætur	24.100.000	0	0	24.100.000
Millifært úr varasjóð	300.000.000	0	0	300.000.000
Fjárveiting til tekna	2.076.500.000	0	0	2.076.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(2.435.937.503)	0	0	(2.435.937.503)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(359.437.503)	0	0	(359.437.503)

2023 2022

3 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	1.901.399.488
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.839.819	1.422.448
Ýmsar tekjur	0	85.088
	<u>2.839.819</u>	<u>1.902.907.024</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	416.940.872	354.797.734
Orlof, breyting	6.810.979	11.744.291
Launatengd gjöld	93.966.443	79.912.502
Starfsmannakostnaður	2.945.791	2.460.315
	<u>520.664.085</u>	<u>448.914.842</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	43,3	37,8
------------------------------	------	------

Skýringar

	2023	2022
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.361.220	1.381.960
Byggingarvörur, almennar	2.427	52.503
Byggingarvörur, aðrar	12.721	4.818
Tæki og búnaður til innréttinga	9.087	20.068
Ýmis tæki og áhöld	2.198.057	6.813.100
Varahlutir og viðhaldsvörur	21.841	6.131
Orkugjafar	3.813.868	10.324.275
Matvæli	8.869.202	34.791.423
Almennar rekstrarvörur	2.863.685	23.117.804
Vörukaup, almenn	20.152.108	76.512.082
Rannsóknarstofuefni	0	158.887
Kennslu- og fündurvörur	276.655	82.764
Ýmsar sérgreindar vörur	0	215.989
Vörukaup, sérgreind	276.655	457.640
Fundir, námskeið, risna	298.826	225.338
Ferðir, uppihald	91.599.406	42.716.644
Akstur	13.378.955	52.604.805
Sérfræðiþjónusta	878.842.641	681.536.732
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	95.600	1.362.260
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.351.415	390.143
Vistunargjöld	76.336.816	225.159.746
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.157.271	1.451.768
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	1.063.060.930	1.005.447.436
Samningsbundin kaup og leiga	150.254.443	922.376.501
Afnotagjöld	3.602.138	2.455.970
Leigugjöld	43.944.108	370.410.119
Notkun véla og flutningatækja	749.560	24.794.953
Verkkaup	4.922.481	37.579.077
Kostnaðarhlutdeild	630.948.846	342.743.345
Opinber gjöld	45.900	53.240
Tapaðar kröfur	140.823	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	834.608.299	1.700.413.205
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.918.097.992	2.782.830.363
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	5.747.414	4.833.343
Farartæki og vélar	467.656	467.656
Niðurfærsla óefnislegra eigna	7.170	4.780
	6.222.240	5.305.779

Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar	0	726.273.000
	<u>0</u>	<u>726.273.000</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	51.265.994	763.046.325
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	205.032.534	729.829
	<u>256.298.528</u>	<u>763.776.154</u>

8 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	771.541	6.294.434
	<u>771.541</u>	<u>6.294.434</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	21.096.249	14.368.080
Farartæki og vélar	311.773	779.429
	<u>21.408.022</u>	<u>15.147.509</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 01.01.2023	41.400.223	3.741.250	45.141.473
Viðbætur á árinu	12.475.583	0	12.475.583
	<u>53.875.806</u>	<u>3.741.250</u>	<u>57.617.056</u>
Afskriftir 01.01.2023	27.032.143	2.961.821	29.993.964
Afskrift ársins	5.747.414	467.656	6.215.070
	<u>32.779.557</u>	<u>3.429.477</u>	<u>36.209.034</u>
Staða 31.12.2023	<u>21.096.249</u>	<u>311.773</u>	<u>21.408.022</u>

31.12.2023 31.12.2022

10 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	51.355.508	44.544.529
Önnur ógreidd gjöld	101.456.094	1.026.060
	<u>152.811.602</u>	<u>45.570.589</u>

Skýringar

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	21.417.586	15.164.243
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(42.135.536)	(29.659.953)
	<u>(20.717.950)</u>	<u>(14.495.710)</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023	15.164.243	(29.659.953)	(14.495.710)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12.475.583	(12.475.583)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(6.222.240)	0	(6.222.240)
	<u>21.417.586</u>	<u>(42.135.536)</u>	<u>(20.717.950)</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 5,2 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(74.269.221)	(506.713.098)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	506.713.098
Afkoma ársins	<u>(359.437.503)</u>	<u>(74.269.221)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(433.706.724)</u>	<u>(74.269.221)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Gerður var samningur við Securitas um að sinna öryggisgæslu. Samningur til 1 árs framlengjanlegur þrisvar sinnum. Milli 10 og 15 milljónir á ársgrundvelli.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.